

**Sp.**

**448. Fyrirspurnir.**

[247. mál]

I. Til menntamálaráðherra um stöður skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu.

Frá Ragnari Arnalds og Ingvari Gíslasyni.

1. Hvernig samræmist það lögum um Stjórnarráð Íslands að auglýstar hafa verið tvær stöður skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu til viðbótar stöðu núverandi skrifstofustjóra?
2. Er ekki ljóst að samkvæmt 11. gr. laga um Stjórnarráð Íslands ber að skipa skrifstofustjóra úr röðum deildarstjóra ráðuneytisins?
3. Hefur fjölgun skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu verið samþykkt í ríkisstjórn?
4. Kemur til álita, ef aðstoðarmaður ráðherra sækir um stöðu skrifstofustjóra, að henni verði veitt önnur staðan?
5. Ef svo er, hefur hæstvirtur ráðherra þá í hyggju að ráða sér nýjan aðstoðarmann?

II. Til iðnaðarráðherra um endurnýjun bræðslukera.

Frá Svavari Gestssyni.

Mun iðnaðarráðherra beita sér fyrir því að endurnýjun bræðslukera álversins fari fram innanlands?